



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. júní 2019
Tilvísun: 2019060289

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. S-141/2019, breytingar á reglugerðum varðandi baðstaði í náttúrunni

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar mál umhverfis- og auðlindaráðuneytis nr. S-141/2019, breytingar á reglugerðum varðandi baðstaði í náttúrunni, þ.e. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni og reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Í samráðsgáttinni kemur m.a. fram að "breytingar á reglugerð um baðstaði í náttúrunni varði veitingaþjónustu á baðstöðum, svo sem í afþreyingarlaugum. Baðstaðir í náttúrunni, eins og t.d. Bláa lónið, hafa um árabíl boðið upp á takmarkaðar veitingar á baðsvæðum og hefur þar verið farið eftir þeim verklagsreglum sem fram koma í starfsleyfi."

Í drögum að breytingu á reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni er m.a. lagt til að á eftir 2. mgr. 7. gr. bætist við ný málsgrein sem orðast svo: "*Heimilt er að veita áfengi í takmörkuðu magni, í margnota umbúðum eða margnota glösum, á baðstað. Þegar áfengi er veitt á baðstað skal gæta sérstakrar varúðar og fjalla um öryggi baðgesta, hámark áfengiseininga á hvern einstakling og umfang laugargæslu vegna þess í öryggisreglum. Sérstaklega skal fjallað um veitingu áfengis í starfsleyfi, m.a. vegna öryggismála og ef gerð er strangari krafa um laugargæslu ."*

HER telur að þessi viðbót geti ekki átt við um alla baðstaði í náttúrunni, t.d. ekki baðstrendur, sbr. Ylströndina í Reykjavík sem er fjölskyldu- og útivistarstaður fyrir almenning, rekin af Íþróttá- og tólmstundasviði Reykjavíkurborgar en einnig er staðurinn fjölsóttur af fólki sem stundar sjósund. Ef þessi viðbót verður að veruleika þarf að bæta við að þetta geti ekki átt við um slíka staði eða tiltaka sérstaklega við hvaða baðstaði þetta getur átt við. Að ekki sé um að ræða baðstaði sem eru ætlaði fjölskyldufólki eða notaðir til námskeiðahalds og afþreyingar fyrir börn og ungmenni o.þ.h. Frekar mætti hugsa sér að mögulegt væri að sækja um undanþágur fyrir einstaka viðburði.

Að mati HER þarf að skilgreina hvað átt er við með takmarkað magn áfengis. Einnig telur HER að ef áfengisveitingar verða leyfðar á þessum stöðum skuli gera strangari kröfur um laugargæslu en ella.

Gera verður kröfur um að óheimilt sé að nota umbúðir og glös sem valdið geta slyshættu og t.d. er hægt að skera sig á eða slasa á annan hátt t.d. gler. HER leggur til að ef breytingartillagan verður að veruleika verði heimilt að nota einnota niðurbrotanlegar/endurvinnanlegar umbúðir.

HER gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til hvað varðar reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum en áskilur sér rétt til umsagna á seinni stigum.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur



Rósa Magnúsdóttir
deildarstjóri Umhverfiseftirlits